

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/2324

2018/EES/42/20

frá 12. desember 2017

um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu glýfosati, í samræmi við reglugerð Evrópusamningsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Glýfosati var bætt við sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ⁽²⁾ með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/99/EB ⁽³⁾.
- 2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽⁴⁾.
- 3) Samþykkið fyrir virka efninu glýfosati, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, rennur út 15. desember 2017.
- 4) Umsókn um endurnýjun á skráningu virka efnisins glýfosats í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE var lögð fram í samræmi við 4. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1141/2010 ⁽⁵⁾ innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.
- 5) Umsækjandinn lagði fram viðbótarmálsskjöl sem krafist er í samræmi við 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1141/2010. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri fullgerð.
- 6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 20. desember 2013.
- 7) Matvælaöryggisstofnunin sendi matsskýrsluna um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og sendi móttaknar athugasemdir áfram til framkvæmdastjórnarinnar. Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum einnig aðgengilega almenningi.
- 8) Í kjölfar niðurstaðna Alþjóðakrabbameinsrannsóknastofnunarinnar, sem voru birtar 20. mars 2015, að því er varðar krabbameinsvaldandi eiginleika glýfосат gaf framkvæmdastjórnin Matvælaöryggisstofnuninni umboð 29. apríl 2015 til að endurskoða undirliggjandi upplýsingar og láta niðurstöðurnar fylgja með í niðurstöðum sínum eigi síðar en 13. ágúst 2015.
- 9) Til að gera það kleift að leggja viðeigandi mat á upplýsingarnar ⁽⁶⁾ frá Alþjóðakrabbameinsrannsóknastofnuninni og á óvenjulega margar athugasemdir sem bárust frá aðildarríkjum og almenningi framlengdi framkvæmdastjórnin frest Matvælaöryggisstofnunarinnar til að leggja fram niðurstöður til 30. október 2015.
- 10) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar, að því er varðar hvort búast megi við að glýfосат uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 30. október 2015 ⁽⁷⁾. Framkvæmdastjórnin lagði drögin að endurskoðunarskýrslunni um glýfосат fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 28. janúar 2016.
- 11) Umsækjandanum var gefinn kostur á því að leggja fram athugasemdir við drögin að endurskoðunarskýrslunni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjórnartíðindi ESB L 333, 15.12.2017, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2018 frá 31. maí 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

- 12) Umræður í fastanefndinni um plöntur, dýr, matvæli og fóður 18. og 19. maí 2016 leiddu í ljós að fjöldi aðildarríkja, í hlutverki sínu sem áhættustjórnendur, taldi að í þessu sérstaka tilviki varðandi glýfосат væri viðeigandi að fá álit áhættumatsnefndar Efnastofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Efnastofnunin) um samræmda flokkun, að því er varðar krabbameinsvaldandi áhrif glýfосатs, áður en tekin yrði ákvörðun varðandi endurnýjun á samþykki þar eð slíkt álit gæti skipt málí varðandi samþykkið á grundvelli þeirra viðmiðana sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 1107/2009.
- 13) Hugsanleg endurnýjun á samþykki fyrir glýfосатi var einnig ítarlega rædd utan fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður. Evrópuþingið samþykkti 13. apríl 2016⁽⁸⁾ og 24. október 2017⁽⁹⁾ ályktanir um mismunandi drög að framkvæmdarreglugerðum framkvæmdastjórnarinnar um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu glýfосатi og 6. október 2017 barst framkvæmdastjórn Evrópusambandsins formlega árangursríkt frumkvæði evrópskra borgara⁽¹⁰⁾, þar sem vísað er sérstaklega til glýfосатs í einu af þremur markmiðum þess, með fullgiltum undirskriftum frá a.m.k. einni milljón evrópskra borgara í a.m.k. sjö aðildarríkjum.
- 14) Þar eð álit áhættumatsnefndar Efnastofnunarinnar um samræmda flokkun, að því er varðar krabbameinsvaldandi áhrif glýfосатs, var talið nauðsynlegt lagði skýrslugjafaraðildarríkið fram málsskjöl 17. mars 2016, í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008⁽¹¹⁾, þ.m.t. varðandi flokkun í hættuflokkinn krabbameinsvaldandi áhrif. Með tilliti til þess tíma sem þarf til að meta slík málsskjöl var samþykkistímabilið fyrir virka efnið fram lengt um 6 mánuði frá þeim degi er framkvæmdastjórnin tók við álití áhættumatsnefndar Efnastofnunarinnar, en þó ekki lengur en til 31. desember 2017, með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1056⁽¹²⁾. Í millitíðinni var skilyrðunum fyrir samþykki fyrir virka efninu breytt í ljósi nýrrar vísinda- og tæknipekkingar með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/71313⁽¹³⁾.
- 15) Áhættumatsnefnd Efnastofnunarinnar samþykkti álit sitt⁽¹⁴⁾ 15. mars 2017 og sendi það framkvæmdastjórninni 15. júní 2017. Framkvæmdastjórnin birti tilkynningu 28. júní 2017⁽¹⁵⁾ í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins varðandi staðfestingu á viðtökudegi. Áhættumatsnefnd Efnastofnunarinnar komst að þeirri niðurstöðu í álití sínu, með samhljóða samþykki, að á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga væri ekki réttlætanlegt að flokka glýfосат sem efni sem hefur krabbameinsvaldandi áhrif.
- 16) Matvælaöryggisstofnunin tilgreindi, í álití sínu frá október 2015, að það væru eyður í gögnum til að útiloka hugsanlega virkni á innkirtla sem kom fram í einni rannsókn. Viðeigandi gögn urðu tiltæk of seint til að unnt væri að hafa þau með í ritrýni. Framkvæmdastjórnin óskaði eftir því 27. september 2017 að Matvælaöryggisstofnunin legði mat á viðbótarupplýsingarnar. Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar um hugsanlega innkirtlatruflandi eiginleika glýfосатs fyrir framkvæmdastjórnina 7. september 2017⁽¹⁶⁾. Matvælaöryggisstofnunin staðfesti í álití sínu að fjallað hafi verið á fullnægjandi hátt um eyður í gögnum þar eð vægi rökstuddra vísbindinga bendi til þess að glýfосат hafi ekki innkirtlatruflandi eiginleika gegnum verkunarhátt estrógens, karlhormóna, skjaldkirtilshormóna eða steramyndunar á grundvelli yfirgripsmikils gagnagrunns sem til er á sviði eiturefnafræðilegar rannsóknir voru ekki í mótsögn við þessa niðurstöðu.
- 17) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið glýfосат, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar. Því teljast þessar viðmiðanir fyrir samþykki uppfylltar.
- 18) Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir glýfосатi.
- 19) Þótt mikið magn upplýsinga um virka efnið glýfосат liggi nú þegar fyrir og hafi verið metið, sem leiddi til þeirrar niðurstöðu að endurnýja ætti samþykki fyrir virka efninu glýfосатi, er birt sérlega mikið magn af viðbótarupplýsingum um glýfосат, samanborið við önnur virk efni. Af þessum sökum ætti að taka tillit til möguleika á hraðri þróun í vísindum og tækni í framtíðinni þegar tekin er ákvörðun um lengd samþykkistímabilsins fyrir glýfосат, einnig með þá staðreynð í huga að glýfосат er einn af mest notuðu illgresiseyðunum í Sambandinu.
- 20) Í ljósi þessara sérstöku þáttu og annarra lögmætra þáttu, sem um getur í forsendunum hér að ofan, og með það í huga að þörf er á að tryggja öryggis- og verndarstig sem er í samræmi við það öfluga verndarstig sem leitað er eftir innan Sambandsins þykir rétt, frá sjónarmiði áhættustjórnunar, að kveða á um endurnýjun samþykkis fyrir glýfосатi í fimm ár og tryggja að endurmat á glýfосатi verði í forgangi fram yfir önnur virk efni.
- 21) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tæknipekkingar, er nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði og takmarkanir.

- 22) Í samræmi við 3. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 4. mgr. 13. gr. sömu reglugerðar, ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.
- 23) Þessi reglugerð ætti að öðlast gildi eins fljótt og auðið er þar eð gildandi samþykki fyrir glýfosati rennur út 15. desember 2017.
- 24) Reglugerð þessi ætti að gilda frá og með deginum eftir að samþykkið fyrir virka efninu glýfosati, sem um getur í 3. forsendu, rennur út.
- 25) Fastanefndin um plöntur, dýr, matvæli og fóður skilaði ekki álti innan þeirra tímamarka sem formaðurinn setti. Talin var þörf á framkvæmdargerð og lagði formaðurinn drög að framkvæmdargerð fyrir málskotsnefndina til frekari umfjöllunar. Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit málskotsnefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ PESSA:

I. gr.

Endurnýjun á samþykki fyrir virku efni

Samþykkið fyrir virka efninu glýfosati, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 16. desember 2017.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 12. desember 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

(¹) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

(²) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

(³) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/99/EB frá 20. nóvember 2001 um breytingu á I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna í því skyni að bæta við virku efnunum glýfosati og þífsensúlfúronmetýli (Stjtíð. EB L 304, 21.11.2001, bls. 14).

-
- (⁴) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).
- (⁵) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1141/2010 frá 7. desember 2010 þar sem mælt er fyrir um málsmæðferð við endurnýjun á færslu annars hóps virkra efna á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE og um að taka saman skrá yfir þessi efni (Stjtíð. ESB L 322, 8.12.2010, bls. 10).
- (⁶) Greinargerðir Alþjóðakrabbameinsrannsóknastofnunarinnar um mat á hættu á krabbameini í mönnum, bindi 112 (2015). Aðgengilegt á Netinu: www.iarc.fr
- (⁷) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2015. „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance glyphosate.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(11), 4302, (107. bls.) doi:10.2903/j.efsa.2015.4302. Aðgengilegt á Netinu á: www.efsa.europa.eu
- (⁸) Ályktun Evrópuþingsins frá 13. apríl 2016 um drög að framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu glýfосати, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 (D044281/01 — 2016/2624(RSP)). Aðgengileg á Netinu: <http://www.europarl.europa.eu/sides/getDoc.do?type=TA&reference=P8-TA-2016-0119&language=EN&ring=B8-2016-0439>
- (⁹) Ályktun Evrópuþingsins frá 24. október 2017 um drög að framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu glýfосати, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 (D053565-01 — 2017/2904(RSP)). Aðgengileg á Netinu: <http://www.europarl.europa.eu/sides/getDoc.do?type=TA&reference=P8-TA-2017-0395&language=EN&ring=B8-2017-0567>
- (¹⁰) Skráningarnúmer framkvæmdastjórnarinnar: ECI(2017)000002, aðgengilegt á Netinu: <http://ec.europa.eu/citizens-initiative/public-initiatives/successful/details/2017/000002?lg=en>.
- (¹¹) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökken efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EU og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).
- (¹²) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1056 frá 29. júní 2016 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkitímabili fyrir virka efninu glýfосат (Stjtíð. ESB L 173, 30.6.2016, bls. 52).
- (¹³) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1313 frá 1. ágúst 2016 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir virka efninu glýfосат (Stjtíð. ESB L 208, 2.8.2016, bls. 1).
- (¹⁴) Efnastofnun Evrópu (ECHA) (2017). „Opinion of the Committee for Risk Assessment proposing harmonised classification and labelling of glyphosate (ISO); N-(phosphonomethyl)glycine (EC Number: 213-997-4; CAS Number: 1071-83-6).“
- (¹⁵) Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar um viðtökudag álíts áhættumsnefndar Efnastofnunar Evrópu með tillögu að samræmdir flokkun og merkingu glýfосат á vettvangi ESB (Stjtíð. ESB C 204, 28.6.2017, bls. 5)
- (¹⁶) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2017. „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the potential endocrine disrupting properties of glyphosate.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(9), 4979, 20. bls. <https://doi.org/10.2903/j.efsa.2017.4979>.

I. VIÐAUKI

Almennt heiti Kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ⁽¹⁾	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértaek ákvæði
Glýfosat CAS-nr. 1071-83-6 CIPAC-nr. 284	N-(fosfónmetyl)glýsín	≥ 950 g/kg Óhreinindi: Formaldehýð, minna en 1 g/kg <i>N</i> -Nítrósó-glýfosat, minna en 1 mg/kg	16. desember 2017	15. desember 2022	<p>Einungis má leyfa að efnið sé notað sem illgresiseyðir.</p> <p>Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrlunni um glýfosat, einkum í I. og II. viðbæti við hana.</p> <p>Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að:</p> <ul style="list-style-type: none"> — vernd grunnvatns á viðkvæmum svæðum, einkum með tilliti til svæða þar sem ekki á að stunda ræktun, — vernd notenda í atvinnuskyni og leikmanna, — áhættu fyrir landhryggdýr og landplöntur utan markhóps, — áhættu fyrir fjölbreytileika og þéttleika landliðdýra utan markhóps og hryggdýra vegna fæðutengdrar víxlverkunar, — því að notkun fyrir uppskeru samræmist góðum starfsvenjum í landbúnaði. <p>Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.</p> <p>Aðildarríki skulu tryggja að notkun plöntuverndarvara sem innihalda glýfosat sé haldið í lágmarki á sérstöku svæðunum sem tilgreind eru í a-lið 12. gr. tilskipunar 2009/128/EB.</p> <p>Aðildarríki skulu tryggja jafngildi forskrifta fyrir tæknilega efnið, sem framleitt er sem verslunarvara, og forskrifta fyrir prófunarefnið sem er notað í eiturefnafræðilegum rannsóknum.</p> <p>Aðildarríkin skulu tryggja að plöntuverndarvörur sem innihalda glýfosat innihaldi ekki meðefnið POE-tólgaramín (CAS-nr. 61791-26-2).</p>

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrlunni.

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

- 1) Í A-hluta falli færsla 25 um glýfosat brott.
- 2) Í B-hluta bætist eftirfarandi færsla við:

	Almennt heiti Kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ⁽¹⁾	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sírtæk ákvæði
„118	Glýfosat CAS-nr. 1071-83-6 CIPAC-nr. 284	N-(fosfónmetýl)- glýsín	≥ 950 g/kg Óhreinindi: Formaldehyð, minna en 1 g/kg <i>N</i> -Nítrósó-glýfosat, minna en 1 mg/kg	16. desember 2017	15. desember 2022	<p>Einungis má leyfa að efnið sé notað sem illgresiseyðir.</p> <p>Við framkvæmd samræmu meginregnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um glýfosat, einkum í I. og II. viðbæti við hana.</p> <p>Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að:</p> <ul style="list-style-type: none"> — vernd grunnvatns á viðkvæmum svæðum, einkum með tilliti til svæða þar sem ekki á að stunda ræktun, — vernd notenda í atvinnuskyni og leikmanna, — áhættu fyrir landhryggdýr og landplöntur utan markhóps, — áhættu fyrir fjölbreytileika og þéttleika landliðdýra utan markhóps og hryggdýra vegna fæðutengdrar víxlverkunar, — því að notkun fyrir uppskeru samræmist góðum starfsvenjum í landbúnaði. <p>Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.</p> <p>Aðildarríki skulu tryggja að notkun plöntuverndarvara sem innihalda glýfosat sé haldið í lágmarki á sérstöku svæðunum sem tilgreind eru í a-lið 12. gr. tilskipunar 2009/128/EB.</p> <p>Aðildarríki skulu tryggja jafngildi forskrifta fyrir tæknilega efnið, sem framleitt er sem verslunarvara, og forskrifta fyrir prófunarefnið sem er notað í eiturefnafræðilegum rannsóknum.</p>

	Almennt heiti Kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ⁽¹⁾	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
						Aðildarríkin skulu tryggja að plöntuverndarvörur sem innihalda glýfosat innihaldi ekki meðefnið POE-tolgaramín (CAS-nr. 61791-26-2).

⁽¹⁾ Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.“